

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

## 1. gr.

Markmið með þróunarsjóði grunnskóla er að stuðla að framþróun og öflugu innra starfi skóla í Garðabæ.

## 2. gr.

Einstaka kennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við skóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu og menningarsvið í samstarfi við skóla geta sótt um styrk í þróunarsjóð grunnskóla. Umsóknir skal senda til Fræðslu og menningarsviðs merktar þróunarsjóði grunnskóla.

## 3. gr.

[Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn að vori ár hvert. Í auglýsingu tilgreinir skólanefnd hverju sinni áherslupætti sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil. Sótt er um á sérstöku eyðublaði. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. mars og þeim skal svarað fyrir 31. mars.

## 4. gr.

Árlega eru skilgreindir áherslupættir sjóðsins og hluti af úthlutunarfé tengt þeim. Umsóknir eru metnar af skólanefnd grunnskóla með hliðsjón af tengingu verkefnis við skólastefnu Garðabæjar. Auk þess er tekið mið af markmiðum verkefnisins, framkvæmdaáætlun, matsáætlun, kostnaðarmati og væntanlegum árangri og ávinningi þess fyrir skólastarf í bænum. Skólanefnd getur kallað eftir álitni utanaðkomandi fagaðila við afgreiðslu umsókna. Tillögur skólanefndar grunnskóla eru lagðar fyrir bæjarráð til staðfestingar.]<sup>1</sup>

## 5. gr.

Gerður er skriflegur samningur við styrkþega um verkefni sem hlýtur styrk þar sem fram koma; yfirmarkmið verkefnis, ábyrgðarmaður verkefnis, skilgreindir áfangar og tímasetningar, mælanleg markmið, umsjónarmenn verkefnis og áætluð verklok. Einnig er þar tilgreindur styrkur sá sem verkefninu hefur verið úthlutað og hvernig staðið verður að greiðslum.

## 6. gr.

Styrkþegi skilar greinargerð á sérstöku formi um verkefnið þegar því er lokið. Einnig skal styrkþegi kynna niðurstöður verkefnisins á sameiginlegum starfsdegi skólanna, fyrir stjórnendum grunnskóla, sem og leikskólanefnd og skólanefnd grunnskóla sé þess óskað. Garðabær hefur heimild til að nýta sér efni þróunarverkefna og veita öðrum heimild til notkunar og til opinberrar birtingar á lokaskýrslum. [Verkefni sem fá styrk úr þróunarsjóði geta verið tilnefnd til viðurkenningar eða verðlauna á Menntadegi Garðabæjar.]<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Breyting samþykkt í bæjarráði Garðabæjar 14. febrúar 2017

<sup>2</sup> Breyting samþykkt í bæjarráði Garðabæjar 29. janúar 2019

**7. gr.**

Skólastjóri skal samþykkja umsóknina. Ef fleiri en einn skóli sækja sameiginlega um senda báðir/allir skólastjórar samþykki sitt.

**8. gr.**

Reglur þessar fyrir þróunarsjóð grunnskóla í Garðabæ voru samþykktar á fundi skólanefndar grunnskóla 26. janúar 2016 og staðfestar í bæjarstjórn 4. febrúar 2016.

*Garðabæ, 4. febrúar 2016*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*